




ÉG GET A'KVEDIÐ HVAD
ÉG BÍ TIL

ÉG HUGSA ÞAD MJÖG
VEL MED HUGANUM

JÓLAGJÖF HANDA
MÖMMU OG PABBA

*Bók sem lýsir ferli frá hugmynd barns
að listaverki*



Leikskólinn Sæborg

Inngangur

Leikskólinn Sæborg stendur við fjöruna á horni Ægisíðu og Starhaga og frá hólnum í garðinum er einstakt útsýni yfir hafið sem hefur í gegnum árin glætt áhuga barnanna á sjónum, fuglunum og fjörunni.



Í Sæborg er unnið í anda Reggio Emilia en uppruni stefnunnar er bærinn Reggio Emilia á Ítalíu. Frumkvöðull þessarar stefnu, Loris Malaguzzi, sagði að börn fæðist með hundrað tungumál en að við rænum af þeim níutíu og níu. Það sem hann átti við er að tjáningarleiðir barna eru ákaflega fjölbreyttar og við, kennarar og foreldrar, verðum að gefa þeim tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt. Litið er á hvert barn sem sterkan einstakling sem hefur mikið fram að færa; hugmyndir, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

Á yngri deildum Sæborgar kynnast börnin efniviðnum á skapandi hátt þar sem þau prófa sig áfram, upplifa, læra, finna lausnir á vanda, vinna saman og máta efniviðinn við eigin líkama. Efnið sem þau vinna með er það sem við köllum grunnefni, t.d. málning, jarðleir, pappír, plast, vatn, ljós og skuggar, ull og ýmislegt fleira. Við leggjum mikla áherslu á fegurð efniviðarins og að hann bjóði upp á marga möguleika eins og hljóð, áferð, ásýnd, stærð og smæð. Við skráum hvernig börnin nálgast efniviðinn, hvaða uppgötvanir þau gera og hvaða spurningar vakna.

Á eldri deildunum vinna börnin í hópum að þemaverkefnum þar sem börnin í hópnum stýra ferðinni. Viðfangsefni þemavinnu í gegnum tíðina hafa m.a. verið beinagrindur, fuglar, þjóðsögur, köngulær, skip, stytur, tónlist, mömmur og fleira. Veturinn 2015-2016 höfðu börnin á elstu deildinni mikinn áhuga á líkamanum og skiptu sér í fjóra hópa sem hver rannsakaði ákveðinn hluta af líkamanum; bein; blóð, æðar og hjarta; öndunarfæri og meltingarfæri; og loks bein og hreyfingu þeirra.

Í þemavinnu varpa börnin fram spurningum, leita svara og þekkingar, ræða saman, rökræða, rannsaka, miðla þekkingu sín á milli og loks tjá þau þekkingu sína og það nám sem hefur átt sér stað á skapandi hátt. Þar sem unnið er í hópum þurfa börnin að koma sér saman um hvaða stefnu þemavinnan tekur, hvað skal skoða og rannsaka, hvaða leið er farin að því, hvernig unnið er úr því o.s.frv. Þemavinnan þjálfar því börnin einnig í samvinnu, samskiptum, málamiðlunum og að útskýra mál sitt. Börn eru misörugg með sig í hóp og er því óhjákvæmilegt að hugmyndir sumra barna séu ráðandi á

meðan þau hlédrægari eru feimnari að koma sínum þælingum og skoðunum á framfæri. Okkur langaði að finna leið til að gefa öllum börnunum tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og þaðan fæddist hugmyndin um jólagjöfina.

Líkt og í flestum leikskólanum var sú tíðin í Sæborg að kennarar á hverri deild ákváðu hvað börnin skyldu búa til handa foreldrum sínum eða jafnvel bara yfir allan leikskólahann. Ekkert samráð var haft við börnin um hvað þau vildu eða hverju þau hefðu áhuga á. Því var jólagjöfin að mestu leyti merkingarlaus í augum barnanna þar sem þau höfðu lítið eða ekkert um gjöfina að segja.

Haustið 2008 ákváðu kennarar á næstelstu deild Sæborgar að hlusta á raddir og skoðanir barnanna í tengslum við jólagjöfina. Eftir á að hyggja er það óskiljanlegt að okkur hafi ekki dottið þetta í hug fyrr þar sem starf okkar gekk að miklu leyti út á að hlusta á raddir og skoðanir barnanna eða við stóðum a.m.k. í þeirri trú. Stundum eru hefðir og venjur svo rótgrónar að fólk hættir að spá í hvers vegna þær haldast eins árum saman og hvaða ástæður lágu að baki þeim. Sennilega hefur hugmyndin um að börnin byggju til jólagjöf handa foreldrum sínum þótt skemmtileg en mest áhersla lögð á að gefa en ekki skapa. Eins er mun fljótlegri og praktískari að láta öll börnin gera eins. Þá er jafnvel hægt að klára allar gjafirnar á tveimur dögum. En við vildum breyta því.

Þetta fyrsta ár héldum við fund með börnunum í nóvember og viðruðum þessa hugmynd. Þau voru að sjálfsgöðu spennt og flest höfðu ýmsar hugmyndir. Við spurðum börnin á fundinum hvað hver vildi búa til, úr hvaða efnivið og skráðum það hjá

okkur. Ýmsar sniðugar hugmyndir komu fram eins og StarWarsblóm með Storm Troopers á, bækur og málaðar myndir. Svo hófst gríðarlega skemmtileg vinna við að aðstoða börnin að framkvæma allar þessar frábæru hugmyndir á skapandi hátt þar sem börnin sjálf voru við stjórnvölinn. Það er vissulega talsvert meiri vinna fyrir kennara og börn að skipuleggja hvernig hægt er að búa til tuttugu og fjórar ólíkar gjafir í stað þess að allir gefi handafar úr leir eða barnamatskrukku með salti á.

Þetta tók og tekur tíma en þessum tíma er ótrúlega vel varið. Þennan fyrsta vetur var það bara næstelsta deildin sem vann jólagjafirnar á þennan hátt en þar með var komið fordæmi. Næsta ár unnu tvær elstu deildirnar jólagjafir á þennan hátt og tveimur vetrum síðar bættist næstyngsta deildin við. Það eru því bara yngstu börnin sem hafa ekki bein áhrif á hvað þau gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Hins vegar höfum við alveg hætt að „láta“ þau búa eitthvað til heldur gefa þau yfirleitt foreldrum sínum stóra ljósmynd af sér sjálfum að „mála á bleiunni“. Þótt þau hafi ekki áhrif á hver gjöfin er má samt með mikilli vissu segja að gjöfin er merkingarbær fyrir þau. Ljósmyndin er tákn og minning um upplifun, undrun, reynslu og gleði.

Árin á eftir fínþússuðum við ferlið, prófuðum ýmislegt nýtt og ígrunduðum. Eftir á að hyggja sáum við eftir fyrsta skiptið að það hentar ekki vel að spyrja börnin í hóp um gjöfina fyrir framan hvert annað. Börnin urðu sum frekar stressuð og hermdu eftir öðrum hugmyndum þar sem þeim datt ekkert í hug. Árið á eftir kynntum við hugmyndina á barnafundi en spurðum svo hvert og eitt barn í einrúmi hvaða hugmynd þau

hefðu. Þar höfðu þau betra næði til að velta vöngum, ræða og ákveða.

Leiðin að hugmyndinni hjá hverju barnið er ólík. Sum börn ákveða fyrst viðfangsefnið og svo efniviðinn í framhaldi af því en önnur fara hina leiðina. Fyrst er efniviðurinn valinn og hann dregur fram viðfangið. Sumir ákveða að leira kranabíl á meðan aðrir leira og úr leirnum fæðist álfur. Oft breytist hugmyndin og viðfangið eftir því sem barnið á í meiri samskiptum við efniviðinn.

Við áttuðum okkur einnig smám saman á því að börnin urðu að þekkja efniviðinn vel til að geta og vilja vinna með hann. Sem dæmi má nefna að fyrstu árin völdu afar mörg börn að mála mynd, leira eða teikna enda var það efni og aðferðir sem þau þekktu vel. Þegar við fórum að rýna í ástæðurnar áttuðum við okkur á því að ekkert barn stingur upp á því að búa til Súperman úr ull ef barnið hefur ekki áður unnið með efniviðinn. Í framhaldi af þeirri uppgötvun varð skapandi vinna með efnivið markvissari á allan hátt. Börnin umgengust, léku og unnu með fjölbreyttari efnivið, bæði í listasmiðju og á deildum. Þannig mynduðu þau tengsl við efniviðinn og uppgötvuðu fleiri áhugaverða miðla.

Á þessum árum vorum við sífellt að ígrunda hugmyndir okkar í tengslum við skapandi ferli barnsins við jólagjöfina. Vorum við t.d. að stýra of mikið? Lokuðum við á einhverjar hugmyndir af því að okkur fannst þær of erfiðar eða jafnvel óframkvæmanlegar? Upplifðu börnin raunverulegt frelsi í vinnunni? Vissulega gerðumst við sek um slíkt í einhverjum tilvikum en smám saman lærðum við að sleppa takinu og

treysta börnunum. Einn drengur ákvað að búa til skyrtu handa foreldrum sínum úr plasti en það er virkilega frumleg og metnaðarfull hugmynd sem við hefðum sennilega stoppað á einhverjum tímapunkti. Þessi plastskyrtu varð hins vegar að veruleika eftir að drengurinn teiknaði hugmyndina sína, sneið plastið í þá stærð sem hann taldi rétta og skreytti skyrtuna með línunum og doppum sem hann klippti út og límði á plastskyrtuna. Foreldrar hans fengu því skósíða plastskyrtu í jólagjöf frá barninu og voru að vonum ánægðir með frumlegheitin. Mestu máli skipti hins vegar hversu stoltur og ánægður drengurinn var. Þar liggur einmitt kjarni málsins, þ.e. hvaða tilfinningar bera börnin til verksins? Eftir því sem þau hafa meira um gjöfina að segja og stýra ferlinu öðlast þau trú á sig sjálf og finna gleðina í því að skapa.

Líkt og fram kemur að ofan vinna kennarar ýmsar skráningar um hugmyndavinnu, rannsókn barnanna á efniviðnum, samskipti og ýmislegt fleira. Í þemavinnu er mikið af skráningum frá umræðum í hópum og samvinnuverkefni þótt börn vinni samt einhver verkefni sjálf. Að mestu eru þó skráningarnar skrár hópsins þar sem horft er á samvinnu og hugmyndavinnu hópsins.

Jólagjafaskráningar gefa okkur hins vegar einstakt tækifæri til að fylgjast með ferli hvers barns, frá því að það fær hugmynd og þar til hugmyndin er fullunnin. Við leggjum mikla áherslu á að halda vel utan um skráningu ferlisins hjá hverju barni, skanna skissur og taka reglulega ljósmyndir af vinnunni. Við horfum á sjálfstæði barnanna í þessum skráningum, lausnaleit þeirra, ímyndunarafl og frumleika.

Jólagjafaskráningar

Skær, 5,8 ára, bjó til tvær jólagjafir síðasta vetur sinn í Sæborg þar sem foreldrar hans deildu ekki lengur heimili. Hann ákvað að búa til tvær ólíkar gjafir handa þeim og lýsum við ferlinu við gerð beggja gjafanna.

Ég vil gefa þessa stól úr pappa. Ég vil mála hann bláan og rauðan og hvítan, eins og íslenski fáninn.

Fyrst teiknaði Skær hugmynd sína af stólnum.



Því næst fór Skær að útbúa stólinn úr brúnum pappa. Hann teiknaði útlínurnar og klippti svo stólinn út og límdu saman.

Ég ætla að gera svona stóran stól. Ég er að teikna fæturna. Ég er búinn að teikna stólinn. Rauðan, hvítan og bláan til að gera íslenska fánann. Það er ekki bara allt blátt. Það á líka að vera hvítt. Fjórir fætur, svona til að sitja á og svo til að halda

sér. Annars væri maður bara liggjandi. Ein löpp komin. Þetta er kannski aðeins of lítið til að halda. Þrjár fætur komnar og svo feitasta sætið. Þetta er hart. Ég er ekki vanur að klippa svona hart. Þetta er framan á svo er hitt aftur. Sko, næst þarf til að halda hendurnar svo maður geti verið alveg svona. Ég held að það verði bara pappi.



Þegar Skær var búinn að hanna stólinn úr pappa þurfti að styrkja hann með dagblöðum og veggfóðurslími. Það tók langan tíma að þekja allan stólinn með dagblöðum en Skær var mjög einbeittur og þolinmóður.

Þegar veggfóðurslímið var þornað var komið að því að mála stólinn í



fánalitunum. Þegar hann var spurður hvers vegna hann vildi nota fánalitina sagði hann:

Ég gerði stólinn í fánalitunum kannski af því að við erum íslensk.

Skær útskýrði líka hvers vegna hann hefði ákveðið að gera stól handa pabba sínum í jólagjöf:

Ég gerði stól af því að pabbi á marga stóla en Sonja vill henda stólunum, en Sonja var ný sambýliskona pabbans.

Að lokum ákvað Skær að skreyta stólinn aðeins og límdu alls kyns borða og útlenska peninga á stólinn og rör undir til að hjálpa til að styðja við stólinn. Hann sagði aðeins frá ferlinu:

Það var erfiðast að setja límið á stólinn, sko veggfóðurslímið.



Þá var komið að seinni gjöfinni sem Skær bjó til, þ.e. handa mömmu sinni. Hann var við sama heygarðshornið og ákvað að búa húsgagn handa henni líka.

Ég vil búa til borð úr pappa. Málað með svörtum, bleikum og fjólubláu.



Ég vil gera eins og þetta, bara kössótt. Dáldið stórt borð. Mjög stórt.

Svo fór Skær að vinna að borðinu. Hann notaði pappa úr pappakassa sem hann klippti út og gerði borðplötu og fjóra fætur. Hann límdu borðfætuna á með málningarlímbandi.

Ég er að gera svona neðri hlutann svo það standi. Svart, bleikt og fjólublátt. Ég ætla bara að byrja á svörtum, hann er erfiðastur að líta. Þetta er bara bleikur. Perfect.

Þegar Skær var búinn að útbúa borðið sjálft og mála það vildi hann líma skraut á borðið. Fyrst útskýrði hann hvers vegna hann vildi búa til borð handa mömmu sinni í jólagjöf:

Ég vildi gera borð af því að mamma skemmdi sitt. Ég bjó það til með svona einni langri spýtu og svo nefnilega fjórum eldhúsrúllum.

Svo kom að skrauti og borðbúnaði:

Ég vil fá LGG-flösku fyrir skraut. Nú ætla ég að teikna diskinn. Það eru blóm, skrautblóm á disknum. Nú fer ég að gera hnífinn og svo geri ég gaffal og glas.



Skær fann mjó prik í listasmiðjunni fyrir skaft á hnífapörum og teiknaði svo eggina á hnífnum og broddana á gafflinum á blað, klippti út og límdu á skaftið.

Skær hélt svo áfram:

Það þarf líka að vera pottur með mat í. Það þarf líka að vera til að halda á pottinum. Það þarf mat í pottinn, kannski peninga og þvottaklemmur. Það er sushi.

Skær bjó til pottinn úr svörtum pappa og límdu handföng á pottinn. Hann raðaði matnum nákvæmlega á rétta staði, bæði í pottinn og á diskinn.

Skær bjó til tvær ákaflega frumlegar og umfangsmiklar gjafir. Hann var skapandi og pælari og gat endalaust dundað sér við að búa til gjafirnar. Hann var jafnframt mjög rólegur og aldrei hræddur um að ná ekki að klára þótt báðar gjafirnar hafi verið tímafrekar. Það hafa eflaust farið ótal klukkustundir í það að búa til heilan stól í fánalitum og uppdekkað borð. Reyndar viðurkenndi hann að það hefði tekið lengri tíma en hann hélt að vinna með veggfóðurslímið og stólinn þannig að hann treysti sér ekki í sömu vinnu með borðið.

Skær tengdi gjafirnar við þarfir foreldra sinna að sínu mati, þ.e. unnusta pabbans vildi henda stólunum hans og borð mömmunnar var brotið. Hvert smáatriði var útpælt hjá honum og hann lagði mikið á sig til að gjafirnar yrðu eins og hann vildi.

Hann kaus að gera nokkuð stórar gjafir þótt ekki hafi þær náð að vera í raunverulegri stærð en það sýnir okkur að stærð viðfangsefnanna skiptir börnin máli. Við veljum oft stærðina fyrir þau án þess að hafa samráð við þau.



Katrín, 4,6 ára, íhugaði hvað hún ætti að búa til handa foreldrum sínum í jólagjöf. Hún var ekki alveg viss um *hvað* hún vildi gera en hún var ákveðin að nota *alvöru efni*. Við ræddum áfram og þá kom í ljós að hún vildi búa til kisu sem gæti staðið sjálf. Við veltum fyrir okkur hvernig það væri hægt að láta kisuna standa og komumst að þeirri niðurstöðu að veggfóðurslím væri sennilega best.



Salka, vinkona Katrínar, hafði ákveðið að búa til hund fyrir foreldra sína og vildi einnig láta hann standa. Stelpurnar voru ekki búnar að ákveða saman hvað þær vildu búa til en þar sem gjafirnar þeirra áttu samleið þá unnu þær að gjöfunum saman og höfðu félagsskap af hvor annarri. Fyrst var kisan mótuð í blautum dagblöðum og klædd með dagblöðum og hvítum pappír. Þessi vinna tók langan tíma og áttum við von á að stelpurnar yrðu að klára að þekja dýrin veggfóðurslími í nokkrum atrennum en sú varð ekki raunin. Stelpurnar sátu sem fastast og kláruðu.



Þegar kisan var orðin þurr málaði Katrín hana bleika og fann loks alls konar efnisbúta, tölur og margt fleira sem hana langaði að líma á kisuna.

Aftur sýndi Katrín að hún er þolinmóð og hefur mjög gott úthald. Hún klippti búta úr alvöru efnum alveg sjálf og er það ekki auðvelt með barnaskærum.



Þetta er kisa. Hún er stelpa. Hún er mjúk á sumarið, líka á veturna. Hún heitir Íða eins og systir hans Emils. Hún á kannski bara heima hjá mér á Ægisíðu 74. Hún drekkur mjólk og borðar harðfisk. Hún er alltaf að leika sér.




Ári síðar þegar **Katrín** var orðin **5,6 ára** var aftur komið að því að skipuleggja hvað hún gæti búið til handa foreldrum sínum í jólagjöf. Fyrst sagðist hún vilja búa til kisu eins og í fyrra en svo viðurkenndi hún að henni hefði ekki dottið neitt annað í hug. Þá spurðum við hvað foreldrum hennar gæti þótt gaman að fá í jólagjöf og þá sagði hún: *Hús úr málningu. Með kassa. Borð, stólar, fólk.*

Við báðum hana að teikna hugmynd sína af húsinu til að fá skýrari sýn á hvað hún vildi gera.

Hún teiknaði húsið að utan:


Háaloftið mitt er ekki með dóti. Svona gardínur. Enginn upp á háalofti, bara niðri. Svona girðing. Vegasalt! Rennibraut. Líka bíll.



Við stungum upp á að hún teiknaði húsið að innan:

Líka inn í húsinu, uppi. Stofustólar og stofuborð, svona stigi. Það er lok hér og svo opnar maður þegar maður kemur upp. Einhver stelpa hérna upp og hérna er litli bróðir hennar.

Þabbinn er hérna niðri, mamman er hérna. Þetta er eldhúsið. Þetta er sófi og þetta er sjónvarp. Það er slökkt á sjónvarpinu. Síðan ætla ég að gera klósett... og það og hérna á að vera vaskur. Hérna úti er bíllinn þeirra. Þetta eru músarholur tvær uppi og hér er músahús úti.



Katrín vildi búa til hús úr pappakassa en hún hafði séð hóp í þemavinnunni í fyrra búa til torfbæ úr pappakassa. Hún ákvað hvernig hún vildi búa til þak og hvernig húsið ætti að vera.



Þegar hún var búin að klippa og líma pappakassann eins og hún vildi ákvað hún að mála húsið í ýmsum litum.



Katrín vann lengi að því að mála húsið og vandaði mikið til verksins. Hún var mjög sjálfstæð og við kennarar vorum ekkert endilega með henni þegar hún vann að húsinu.



Húsið var fallett á litinn en tómt og vildi Katrín auðvitað búa til húsgögn. Á þessum tímapunkti sýndi hún aftur hversu ótrúlegt úthald og áhuga hún hefur þegar viðfangsefnið er henni hagleikið.

Katrínu datt í hug að búa til stóla og borð úr pappa. Hún teiknaði útlínur húsgagnanna á pappann, klippti út og límdu saman. Það var ekki alltaf auðvelt að klippa þykkann pappann en hún gafst ekki upp. Katrín ákvað einnig að búa til klukku *sem hefur svona hangandi sem hreyfist*. Að auki setti hún diska og glös á borðið og valdi og til þess litlar, ferkantaðar

mósaíklísar sem diska og hvíta tappa sem glös. Hún teiknaði litlar myndir sem hún svo límdu á veggina auk þess sem hún útbjó rúm, sængur og kotta.




Áfram hélt Katrín að vinna og bætti við rimlum í rimlarúm litla bróður og bjó til fjóra snaga við útidyrnar. Hún stýrði kennara með límbyssuna af mikilli nákvæmni: *Snagarnir eiga að vera í beinni línu við útidyrnar uppi eða*




aðeins hærra. Hún bjó einnig til fatnað fyrir hvern fjölskyldumeðlim og hengdi á snagana.

Síðar fór Katrín aftur í listasmiðjuna og hannaði stiga upp á efri hæðina úr samanbrotnum pappa. Hún vildi hafa handrið eins og á venjulegum stigum og var lengi að útbúa það. *Handrið með spýtum svo að enginn detti ekki. Það er matur á diskunum og vatn í glösunum og svo er pottur, skeið og kanna. Þabbinn liggur í rúminu. Þetta er barnarúm sem litli bróðirinn á að vera í. Þarna er kisurúm og kisa. Þetta er bíll og dótakassinn. Og þarna eru systir og litli bróðir hjá dótinu. Mamman situr í stól við eldhúsborðið. Svo er reykur og strompur.*



Að lokum, eftir jólin, báðum við Katrínu að teikna aftur húsið en nota húsið sjálft sem fyrirmynd. Katrín fékkst þá við aðrar þælingar en í frumteikningunum tveimur því að nú var hún að teikna rými sem var í sjáanlegri þrívídd. Það er flókið að teikna borð sem er að hluta til á bak við stiga, stóla sem allir snúa hver í sína áttina, rimlarúm með óteljandi rimlum og myndir á veggjum sem að hún veit að eru þarna en sér ekki nema hluta af.



Það er ljóst að Katrín var ákaflega stolt af húsinu sem hún bjó til. Hún vann af alúð að endalausum smáatriðum og hefði hugsanlega getað eytt enn lengri tíma í að fínþússa húsið. En

málið er að hún valdi að gera eitthvað sem hentaði henni og hafði einhverjar merkingu fyrir hana. Hún átti auðvelt með að vinna hugmynd frá upphafi til enda. Hún var ótrúlega þolinmóð, natin og var með óendanlega frjóar hugmyndir. Hún gat unnið mjög sjálfstætt enda var oft ekki kennari með henni þegar hún vann að húsinu. Þess má geta að lokum að mamma hennar er arkitekt og hugsanlega er áhugi Katrínar á byggingagerð þaðan kominn.



Húni, 5,7 ára, var alveg með á hreinu hvað hann vildi búa til handa foreldrum sínum í jólagjöf og útskýrði: *Hljóðfæri. Trommu, hristur. Hún á að vera bleik. Gera hana úr tré.*

Fyrst teiknaði Húni hugmynd sína af hljóðfærinu en það hjálpar börnunum að móta hugmyndina betur áður en hún er unnin í þrívídd.

Tromman. Hérna trommar maður, hérna blæs maður í flautuna. Svo ætla ég að bæta í. Hérna tekur maður og hristir. Hristi-flautu-tromma. Þetta á að vera jafnstórt og ég. Tveir brúnir, einn blár og einn bleikur. Fyrst geri ég blátt. Tromman er öll blá uppi. Ljósbrún hér, venjuleg brún hér. Sko tré, litla trékubba.



Teikningin hjálpaði Húna að skerpa enn á hugmyndinni sem reyndist vera fjölvirkt hljóðfæri. Með teikningunni bættist ný „funktion“ við hljóðfærið til viðbótar við trommu- og hristuvirknina, þ.e. flauta.

Húni skoðaði efnivið í trommu-hristu-flautuna. Hann fann spjald úr tré sem grunn og breitt papparör sem hann límði á spjaldið. Hann bætti smám saman við ýmsum efnivið þegar á leið, t.d. litlum spýtum, mjóu papparöri, plaströri og loks blöðrum. Önnur blaðran fór á trommuna en hin á flautuna.

Hann límði einnig korktappa og spýtur á plötuna framan á hljóðfærinu.



Hann útskýrði hvernig hljóðfærið var búið til:

Setja blöðru hér og binda svo bundið hér. En ef við setjum þetta (afklipptu blöðruna) hérna á flautuna? Við eigum eftir að gera hristuna, eftir að festa hana. Þetta á að festast hér til að festa blöðruna. Setjum vegg hérna fyrir og þegar við ætlum að taka hana (hristuna) þá tekur maður hana bara upp. Það er eitt sem er eftir að gera, það er að festa þetta hér. Síðan þurfum við bara að mála.



Þegar hljóðfærið var tilbúið ræddi Húni við kennara:

Ég hef aldrei séð svona hljóðfæri. Ísidór bróðir minn gaf mér hugmyndina. Hann hafði séð þetta hjá vini sínum. Ég fann upp á því, flautunni. Ég sá fullt síðast (af efnivið) á Suðurhlíð. Ég fór í heimsókn í listasmiðjuna, sá fullt af hlutum og hugsaði að ég gæti gert eitthvað þegar ég kæmi á Brúarenda.

Kennari spurði hvers vegna hann hefði búið til hljóðfærið og svaraði Húni:

Út af því að mamma væri með óskalista og sagði pabba að hana langaði í eitthvað hljóðfæri. Pabbi sagði mér það og ég hugsaði að ég ætlaði að gefa mömmu hljóðfæri. Ég bara bjó það til!



Frá upphafi virtist Húni hafa haft mjög fastmótaða hugmynd um hvað hann vildi gera sem og hvernig hann ætlaði að gera það. Hljóðfæri var efst á óskalistanum en ólíkt mörgum öðrum börnum breyttist hugmynd Húna mjög lítið frá teikningu til lokaútkomu. Hann var því einstaklega einbeittur við að vinna að þeim markmiðum sem hann hafði sett sér og hvernig hægt væri að ná þeim markmiðum. Hljóðfærið átti að samanstanda af trommu, hristu og flautu og leitaði hann í eigin reynslu til að útfæra þær hugmyndir. Skinnið á trommunni var gert með sama hætti og trommur sem börnin höfðu leikið með og því var hann ekki lengi að komast að því að það væri vænleg lausn. Húni sýndi mikinn áhuga og hlutverk kennara var í raun bara að aðstoða með límbyssuna þar sem hún er full heit fyrir börn. Húni vissi upp á hár hvar hann vildi hafa hlutina og leiðrétti kennarann hiklaust ef hann límdi hlutina á örlítið skakkan hátt.




Silja Marín, 4,11 ára, hafði árið á undan verið feimin að segja frá því sem hún vildi búa til handa foreldrum sínum í jólagjöf. Þetta árið var hún ófeimin og sagði:

Eitthvað dýr. Tígrisdýr. Sem getur staðið sjálf á hillu. Eins og Bumba. Og mála.


Hún vísaði í Bumba Líkamansson, stytta, sem hún vann ásamt hópi sínum í fyrra og hann var búinn til, m.a. með dagblöðum og veggfóðurslími.

Eins og venjan var teiknaði Silja Marín hugmynd sína:

Ég geri munn. Þar eru tennur. Grímmar tennur. Halinn. Hann segir: Ég get bara leggið í sólinni.



Silja Marín fann svo til efnivið til að móta tígrisdýrið. Hún notaði klósettrúllu sem maga, fann pappa fyrir fætur, rör sem skott og samankuðluð dagblöð sem höfuð.



Þegar búið var að hylja tígrisdýrið með dagblöðum og veggfóðurslími þurfti að bíða þar til tígrisdýrið þornaði og þá var komið að því að mála það.

Þegar málningin var þornuð límdi Silja Marín augu, veiðihár og ýmislegt skraut á tígrisdýrið.



Tígrisdýrið býr í Afríku og þau eru vinir, tígrisdýrið og ljónið hennar Kolfinnu. Hann var að snyrta sig af því að hann var að fara í party, afmæli. Hann var að fara með ljóninu sínu. Þetta er veiðihárin og hérna eru augun. Það eru stjörnur. Og ég teiknaði munn með svörtum túss. Ég gerði tígrisdýr bara af því að mig langaði það.



Ef við lítum til baka átti Silja Marín mun auðveldara með að segja hvað hún vildi búa til í jólagjöf handa foreldrum sínum nú heldur en fyrir ári. Hún var mjög örugg um viðfangsefni, þ.e. tígrisdýr, og þegar hún var spurð um aðferð vísaði hún í aðferð sem hún þekkti í gegnum þemavinnu frá árinu á undan.

Hún naut þess vel að vinna samhliða Kolfinnu sem ákvað að búa til ljón og unnu þær sjálfstætt. Það var skemmtilegt hvernig jólagjafirnar tvær sem þær bjuggu til enduðu á að tengjast í gegnum vináttu líkt og þær sjálfar gera.

Hér má sjá tígrisdýr Silju Marínar og ljón Kolfinnu saman:



Þótt jólagjöfin sé einstaklingsverkefni er ekki bannað að börn vinni saman og þau fái hugmyndir frá öðrum. Vinkonurnar, Silja Marín og Kolfinna, fengu því félagsskap hvor af annarri, notuðu stundum sömu hugmyndir og stundum ekki. Hugmyndir eru nefnilega ekki einkaeign heldur má gjarnan deila þeim með öðrum.



Þegar **Rökkvi Brynjar, 2,4 ára**, var spurður hvað hann vildi búa til handa mömmu sinni gat hann ekki alveg svarað, enda mjög ungur, en skoðaði þess í stað ljósmyndir af mögulegum efnivið. Hann valdi ullina handa mömmu og sagði: „*Ljónið*.“ Það reyndist gríðarlega vel að nota ljósmyndir til að sýna börnunum mögulegan efnivið. Allan efniviðinn þekktu þau, ýmist að miklu eða litlu leyti. Eins og ég sagði frá í byrjun var reynsla okkar oft sú að yngstu börnin völdu bara málningu eða leir en með ljósmyndaaðferðinni völdu þau fjölbreyttari efnivið. Við bjóðum yfirleitt ekki yngstu börnunum, a.m.k. ekki nálægt tveggja ára aldrinum, að teikna hugmyndina, líkt og eldri börnum, þar sem þau eru ekki alveg farin að tengja teikninguna við sjálft verkið.

En aftur að Rökkva Brynjari. Fyrst þurfti hann að undirbúa ullina fyrir gjöfina. Hann skoðaði fyrst ullina þurra, prófaði að blása á hana, kasta henni í loftið og slíta hana í sundur. Svo



settum við saman vatn í ker og bætti Rökkvi Brynjar fullt af sápu út í. Hann kramdi ullina, horfði á vatnstauminn og sápu leka úr henni þegar hann hélt henni uppi og hrærði í ullinni og sápunni saman. Þegar hann var kominn með nóg setti hann ullina á handklæði til þerris.

Kennari stakk upp á því að nota vír með ullinni við gerð gjafarinnar. Þegar ullin var þurr náði Rökkvi Brynjar í vír, tölur,



vírklippur og ýmislegt fleira til að þræða. Hann prófaði að klippa vírinn með vírklippunum og tókst það með aðstoð frá kennara. Hann var duglegur að þræða en stundum í smá vandræðum með að þræða ullina á vírinn enda ekkert sjáanlegt gat á henni. Tölurnar slógu hins vegar í gegn hjá honum.

Meira. Ýta. Meira ýta.

Rökkvi horfði á kennarann skrá hjá sér hvað var að gerast og þegar kennari lagði pennann frá sér var hann fljótur að grípa hann og byrjaði sjálfur að skrá á skráningablaðið.



Rökkvi Brynjar valdi að vinna með ull að jólagjöfinni en hann hafði reyndar ekki prófað að vinna með ull í Sæborg. Kannski þótti honum ullin spennandi að sjá á myndinni.

Hann var duglegur að leika með ullina bæði þurra og blauta. Á meðan hún var þurr naut hann þess að blása á hana en hann slepti ullinni alltaf aðeins of seint þannig að hún datt ævinlega í gólfið án þess að svífa. Eftir að hann setti ullina í

vatnið í kerinu fannst honum skemmtilegast að dýfa ullinni í vatnið, draga hana upp og fylgjast með vatnsbununni leka úr ullinni. Eins var sápufroðan áhugaverð í hans augum og fannst honum gaman að skoða hana í hendi sér.

Rökkvi Brynjar hafði gott úthald við að þræða á vírinn og var ansi lipur að þræða tölur á vírinn. Honum fannst einnig mjög gaman að vera sjálfstæður og gera sem mest sjálfur. Hann t.d. hellti vatninu í kerid, sprautaði sjálfur sápunni, bar kerid með smá hjálp í listasmiðjuna, hellti úr því, þurrkaði gólfið og kerid, klippti vírinn o.s.frv. Þannig fylgdi hann ullarvinnunni frá upphafi til enda. Hann sýndi einnig mikið sjálfstæði þegar hann tók yfir skráningablaðið og skráði sjálfur það sem honum fannst skipta máli.




Fleiri dæmi um jólagjafir

Nú ætla ég að koma með dæmi um jólagjafir sem gerðar hafa verið í Sæborg án lengri skráninga til að sýna fjölbreytnina í skapandi starfi barnanna.

Þorgerður 5,7 ára


Lítill fiskur sem er úr pappmassa. Ég ætla að mála hann og skreyta líka. Hann á að vera dökkbleikur. Maður þarf að rífa og setja ofan í límið og taka í hornið og líma á fiskinn. Límið er mjög mjúkt.

Þetta er kannski ýsa eða þorskur. Ég ætla að hafa þetta þorsk af því að hann byrjar á þ eins og ég. Ég geri mikið, þetta er svo mjúkt. Mamma verður sko ánægð með fiskinn. Þetta er alveg eins og myndinni sem ég teiknaði. Hann á að vera bleikur og fjólublár. Bleikur er sko hvítur og rauður, og fjólublár er blár og rauður. Mamma mun segja: „Flottur!“



Gísli Baldur 5,5 ára

Gullkistu, setja bréf utan um gler, gull inní glimmerkúlu. Kassi fyrir kistuna, ein hlið að vera opin til að opna.



Það er kaka í gullkistunni, þá getur maður stokkið í kistuna og borðað kökuna. Mömmu, pabba og ég finnst gull vera flott, þau tala ekkert um það, ég bara veit það. Til að gera kökuna þarf bönd, svört bönd. Ég vil lita hana (kökuna) með feitum trélitum því það er gull hér. Ég myndi geyma lausar tennur. Hey, tennur sem eru búnar að detta í gullkistuna.



Rakel Hrönn 5,3 ára

Ég ætla að gera ipad. Ég fékk þessa jólakassa í skóinn og líka súkkulaði. Ég vil mála kassann fjólubláan. Blanda rauðan og bláan. Mamma gleymir alltaf strax hvað hún fær í jólagjöf. Setjið þið ekki myndirnar sem þið eruð að taka á instagram?

Mamma sagði að ef þetta væri alvöru ipad þá ætlar hún að gefa mér sinn. En ef þetta er ekki alvöru þá ætlar hún ekki að gefa mér sinn.

Þetta er ipadur.

Ég bjó til ipad. Ég vildi gera ipad því við eigum bara einn ipad heima.



Þorsteinn 3,10 ára

Ummm traktor. Svona. Hafa svona (kassinn). Líka dekk.



Arnhildur 5,7 ára ákvað strax hvað hún vildi búa til handa mömmu sinni:

*Að gefa hálsmen.
Hálsmenið á að
vera úr perlum og
demöntum. Það á
að vera band.
Litlar stjörnur.
Mig langar að hafa
líka litla kúlu með
litlu gati í miðjunni.*



*Ég vildi gera hálsmen út af
því að mamma, hún er
hrifin af hálsmeni og út af
því að það er svo fínt.
Það er svo fínt á henni.*

Arnhildur ákvað einnig að búa til öskju utan um hálsmenið:

*Til þess að hafa það fínt. Það er fallegt. Mér datt það í hug út
af því að það er fínt. Ég vildi hafa bjöllu og líka perlur og rör.
Ég veit að það eru bara sumir hlutir sem passa. Ég notaði þá
hluti sem passa.*



Nóel Máni 3 ára ákvað að búa til bíl: *Gulan bíl. Stýr og sæti. Annað sæti. Og skottið. Og ljósið og annað ljós.*





*Dekk. Sætið. Sæti.
Hérna er stýrið.
Hérna eru ljósin.*

*Þetta er bakaríbíll. Hann er að fara í bakaríð. Gulur bakaríbíll.
Þetta er lítið ljós. Þetta er til að loka. Svona grænt. Þetta er
bakaríbíll. Þegar hann var búinn að finna efni fyrir stýrið sagði
hann: Þarf ekki meira. Ég á hann.*



Salka 5,4 ára ákvað: *Búa til kanínu sem getur staðið. Úr pappa, dagblað. Lita hana brúna og bleika. Ég ætla að nota lím og alls konar sem hægt er að líma saman.*

Kanínan, þetta er brekkan sem hún er að labba á.



Ég tók spýtu og náði í langar krukkur og notaði þær fyrir fætur. Ég setti tappa undir krukkurnar. Ég tók gull og setti það fyrir augu og ég tók rautt með glimmeri fyrir fætur. Köngul fyrir skottið. Ég notaði spýtur fyrir eyru. Ég ætla að gefa mömmu minni og pabba hana í jólagjöf. Kanínan vill borða kál. Kál, kál, kál.


Sigríður Lára 3 ára
sagði:

Dót. Búa til appelsínugult. Svona bara appelsínugult. Bara fyrir mömmu og pabba

Hún valdi svo alls konar efnivið til að þræða á vír.



Svolítið þínu erfitt. Ég ætla að setja svona kubb. Kúlurnar eru eins og bolti. Ég er alveg að verða búin að gera svona mikið fyrir mömmu og pabba. Maður setur allt. Svo stingur maður bara. Svo setur maður þetta bara í pakka



Eggert 3,3 ára vildi búa til karl og vildi nota jarðleir til verksins.

Hann búaði leirinn í sundur og raðaði þeim svo saman:

Þetta hausinn. Fót. Annað fót. Svona tása. Bumban. Mamma og pabbi. Ekki kúkalabbi.



Viðhorf barnanna til jólagjafarinnar

Í Sæborg leggjum við mikla áherslu á að börnin hafi val og að skoðanir þeirra heyrist. Þess vegna buðum við börnunum að koma í rýnihópa og tjá sig um viðhorf sín til jólagjafarinnar.

Laufey Ásdís: *Við ráðum og við fáum að ráða hvað við gerum.*

Melkorka María: *Og hvað við gerum úr.*

Álfrún: *Það er skemmtilegt að ráða.*

Melkorka María: *Skemmtilegra.*

Álfrún: *Í skólanum er þetta erfiðara, þá fær maður ekki að ráða.*

Sunneva: *Ég get ákveðið hvað ég bý til. Ég hugsa það mjög vel með huganum.*

Guðmundur Gunnar: *Ég nota hugmyndaflugið.*

Áfram spjölluðu þau:

Álfrún: *Ég gerði einu sinni apa í alvörunni. Búkurinn var úr svampi, búkurinn var málaður og fætunir og hendurnar voru úr klósettrúllum og eyrun voru úr blöðrum. Ég gerði apa af því að mig langaði það. Á síðasta ári gerði ég hús úr eins og risastórri klósettrúllu og límdu harðan pappa og teiknaði húsið þar. Þegar það var komið að jólnum faldi ég pakkann undir jólatrénu.*

Melkorka María: *Ég gerði einu sinni trommu úr nammidollum risastórri og málaði hana. Svo var líka hægt að hrista hana. Mamma og pabbi voru glöð og sögðu: Geggjað! Og ég gerði snuddu þegar ég var lítil. Úr málningu og svampi. Mér fannst það svo krúttlegt. Hún er núna týnd.*

Laufey Ásdís: *Ég gerði gítar og bíl. Gítarinn hljómaði eins og bassi þegar maður spilaði á hann.*

Sunneva: *Ég hef gert engil. Það var auðvelt að ákveða jólagjöfina. Mér fannst engillinn bara flottur og hann er í eldhúsinu. Ég bjó hann til úr kubbum sem ég límdu saman, kassahaus og ég setti bláa og gull slaufu og blátt hár. Mömmu og pabba fannst þetta mjög flott.*

Eyþór Orri: *Mig langar næst að gera glös af því að það eru svo fá glös til heima. Og kannski líka bíl.*

Sigrún Lára: *Ég bjó til skrímsli og það var svona stór kassi sem var langur. Kassahaus. Hann var blár og hann var með nefið niðri og munninn uppi. Augun voru á sínum stað.*

Jónas Karl: *Ég bjó til Brávallagötu. Ég gerði leir og límdu þakið við. Það var erfitt að gera litinn.*

Guðmundur Gunnar: *Ég gerði bát, sjóræningjaskip, í óveðri.*

Viðhorf foreldra til jólagjafarinnar

Þegar bókin um jólagjafirnar var að verða tilbúin höfðum við samband við foreldra Katrínar og báðum þau um að lýsa upplifun sinni af jólagjöfunum sem Katrín hannaði í Sæborg:

Okkur fannst alveg ótrúlega gaman að fá jólagjafir frá Katrínu sem hún bjó til á Sæborg. Þar sem gjafirnar voru afrakstur frjálstrar skapandi vinnu án afmarkaðs upphafs og endis komu ótrúlegustu atriði í ljós sem Katrín gat sagt okkur frá. Í raun og veru upplifðum við gjafirnar sem uppsprettu lítillar

heimsmyndar eða hugmyndaheims í stað þess að þær væru eingöngu snotur hlutur.

Við tókum eftir því að gjafirnar endurspegluðu umræður og atburði á heimilinu um þær mundir sem hún var að vinna þær, sem hún kom þá með til baka til okkar í sinni túlkun og útfærslu.

Til dæmis þegar hún gerði köttinn vorum við mikið að ræða það að fá kött á heimilið. Svo fáum við þennan dásamlega kött í útfærslu Katrínar.

Hún var orðin aðeins eldri þegar hún gerði húsið. Þá erum við að vinna við að innrétta risið yfir íbúðinni okkar með tilheyrandi vangaveltum og umstangi sem móta daglegt líf á heimilinu. Hugmyndirnar í þeirri gjöf fannst okkur svo vandlega útfærðar niður í smæstu smáatriði og svo persónulegar að gleðin og innlifunin við gerð gjafarinnar er augljós. Eiginlega vorum við alveg orðlaus og um leið mjög hræð yfir þeirri gjöf og skrásetningunni á vinnuferlinum sem fylgdi með. Við höldum mikið upp á þessa dýrgrip sem okkur finnast gjafir Katrínar vera.

Við kunnum ykkur frábæru kennurum á Sæborg ævarandi þakkar fyrir ykkar þátt í uppeldi barnanna okkar og erum handviss um að þau munu búa að því alla ævi.

Hrefna Björg Þorsteinsdóttir
Guðmundur Löve

Lokaorð

Tíminn í nóvember og í desember er sérstaklega skemmtilegur í Sæborg þegar unnið er að gerð jólagjafanna. Þessi tími er mjög fjölbreyttur og skapandi auk þess sem við kynnumst hugmyndum og aðferðum barna til að vinna úr þeim á enn nánari hátt. Þannig færir þetta verklag okkur enn dýpri skilning á því hvernig börn læra, framkvæma og upplifa heiminn og gefur okkur nánari innsýn í hugmyndaflug þeirra. Þetta krefst hins vegar mikillar skipulagningar og yfirsýnar, bæði í listasmiðju og inni á deildum. Við reynum að gefa okkur sem oftast tíma til að vinna að jólagjöfunum, hvort sem við erum viðstödd allan tímann eða ekki. Stundum þarfnast börnin hjálpar, oft erum við að skrá en í önnur skipti, þegar jólagjöfin tekur langan tíma að gera, vinna börnin algjörlega sjálfstætt þótt kennarar séu að sjálfsögðu nálægir.

Þrátt fyrir að mikið sé að gera á þessum skemmtilegu og skapandi vikum skiptir samt miklu máli að byrja tímanlega að gera jólagjafirnar til að hægt sé að njóta ferlisins og aðdraganda jólanna.

Til viðbótar við dýpri skilning á námi og sköpun barna fær kennari tækifæri til að víkka hugmyndir sínar um skapandi starf og hvernig er hægt að leita leiða með börnunum að framkvæma þessar hugmyndir. Oft höfum við nefnilega gerst sek um að telja hugmynd of skrítna, óspennandi eða ógerlega. Það er rangt að hugsa þannig. Hugsanlega þurfum við að aðlaga hugmyndina að því sem er mögulegt í leikskólanum en það er alltaf í samstarfi við barnið þar sem það situr við stjórnvölinn. Hugmyndirnar sem börnin varpa

fram eru oft svo margfalt frumlegri en nokkuð sem okkur gæti dottið í hug.

Skráningarnar eru mikilvægur þáttur í þessu ferli en þannig öðlast gjöfin meiri dýpt og merkingu en einnig hjálpa skráningar okkur að fara til baka í augnablikið og ígrunda nánar hvað var að eiga sér stað. Skráningin gefur líka börnunum tækifæri til að rifja upp og sýna öðrum hvað þau bjuggu til í fyrra eða fyrir tveimur árum. Eins má segja að þótt hluturinn, gjöfin sjálf, lifi ekki að eilífu og endi að lokum í ruslinu þá lifir skráningin áfram. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að taka góðar ljósmyndir af gjöfinni þegar hún er tilbúin sem og ferlinu.

Ég vona að þessar skráningar framar í bókinni hafi varpað einhverju ljósi á hvernig hægt er að skoða og ígrunda hvaða nám á sér stað hjá börnunum, hvernig þau byggja ofan á fyrri reynslu og máta þekkingu og hugtök við viðfangsefni sín. Ég vona einnig að þið hafið fengið innsýn inn í hversu mikilvægar hugmyndir börn geta haft um eigið nám og hversu óendanlega skapandi þau eru.

Í síðari árum hefur það stundum gerst á einstaka deildum að börn og kennarar lendi í tímahraki þegar jólagjafirnar eru unnar. Þess vegna höfum við ákveðið að taka okkur lengri tíma í þetta ferli og byrja helst í október. Þá getum við talað um *gjöf* til foreldra í stað jólagjafar. Með þessu móti vonumst við til þess að sinna þessu skemmtilega verkefni en þó ekki á kostnað rólegheita og jólastemningar í desember. Jafnframt teljum við nauðsynlegt að stytta sumar skráningarnar vegna álags en við teljum mjög mikilvægt að skrá hugmyndir

barnsins í upphafi og frásögn um gjöfina þegar hún er tilbúin. Hins vegar hafa allir kennarar gott af því að skrá nánar ferlið til að kynnast námsleiðum barnanna enn nánar.

Fyrir jólin 2015 prófuðu kennarar á næstýngstu deildinni að taka ljósmyndir af alls konar efnivið sem börn hafa unnið með í leikskólanum og sýndum við börnunum ljósmyndirnar. Þetta hjálpaði börnunum mikið við að muna hvaða efnivið þau þekkja og varð efnisvalið mun fjölbreyttara en oft áður. Þessi leið hentar einnig mjög fyrir börn sem eru ekki enn farin að tjá sig mikið í orðum og eins sérkennslubörn. Sú hugmynd hefur einnig kviknað að hengja upp þessar myndir af efnivið inn á elstu þrjár deildirnar stuttu áður en jólagjafagerð hefst til að sýna börnum þá ótal möguleika sem við höfum upp á að bjóða. Að sjálfsögðu geta börnin enn komið með hugmyndir um efnivið sem við höfum ekki notað áður. Það er því ljóst að þótt jólagjöfin hafi verið unnin á þennan hátt í átta ár í Sæborg má alltaf endurskoða, breyta og bæta.

Ótal margir kennarar og starfsmenn í Sæborg hafa komið að þessu skapandi ferli við gerð jólagjafanna í gegnum árin og eiga mikla hlutdeild í þessu verkefni. Auði Ævarsdóttir og Kristínu Hildi Ólafsdóttur kunnum við sérstakar þakkir enda höfðu þær gríðarlega mikil áhrif á þróun jólagjafaverkefnisins frá upphafi. Eins þökkum við Soffíu Þorsteinsdóttur leikskólastjóra kærlega fyrir hvetja Sæborgara ævinlega til þess að ýta undir það skapandi afl sem í hverju barn býr.

Anna Gréta Guðmundsdóttir,
deildarstjóri í Sæborg,
apríl 2016